



## Greinargerð um norrænt tungumálasamstarf og eftirfylgni tungumálafirlýsingarinnar

### 1. Samantekt

Greinargerð Norrænu ráðherranefndarinnar um eftirfylgni „Yfirlýsingar um málstefnu Norðurlanda“ (tungumálafirlýsingarinnar) er sú sjötta í röðinni. Fyrri greinargerðir um eftirfylgni tungumálafirlýsingarinnar voru lagðar fyrir þing Norðurlandaráðs árin 2009, 2011, 2013, 2015 og 2018. Greinargerðirnar greina frá starfsemi á sviði tungumála á þeim tíma sem liðinn er frá því að síðasta greinargerð var tekin saman.

Tungumálafirlýsingin lýsir tungumálastefnu Norðurlanda til lengri tíma litið fyrir ríkjandi tungumál samfélagsins: dönsku, finnsku, færeysku, grænlenku, íslensku, norsku, öll tungumál Sama og sænsku. Ábyrgð á eftirfylgni tungumálafirlýsingarinnar er í höndum landanna sjálfra og yfirlýsingin er ekki lagalega bindandi. Það þýðir að löggjöf og opinberar skuldbindingar ásamt forgangsröðun og fjármögnun aðgerða geta verið mismunandi í norrænu löndunum fimm, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) ber meginábyrgð á norrænu tungumálasamstarfi. Því leggur greinargerðin mesta áherslu á verkefni sem eru fjármögnuð af MR-U. Hins vegar er fagsvið menntamála ekki eina fagsviðið sem styður verkefni sem skipta máli á sviði tungumála. Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) er samábyrg um tungumálasamstarfið. Aðrar ráðherranefndir vinna einnig verkefni sem skipta máli fyrir heildarmynd norræns tungumálasamstarfs. Í þessari greinargerð er því vakin athygli á viðeigandi verkefnum sem fjármögnuð eru af NORDBUK, Norrænu ráðherranefndinni um atvinnulíf (MR-A), norrænu samstarfsráðherrunum (MR-SAM) og norrænu samstarfsáætluninni um aðlögun flóttafólks og innflytjenda. Að auki leggur greinargerðin áherslu á þemu á sviði tungumála sem er nánar lýst í landsskýrslunum sem eru hjálagðar sem fylgiskjöl með greinargerðinni.

Vegna ferða- og samkomutakmarkana til að koma í veg fyrir Covid-19 smit hefur fjöldi tungumálaverkefna sem halda átti árið 2020 verið frestað til 2021.

### 2. Inngangur

Á Norðurlöndum eru öll tungumál jafn rétt há þrátt fyrir að þau gegni ekki öll sama hlutverki. Danska, finnska, íslenska, norska og sænska eru ríkismál. Ásamt færeysku, grænlenku og samísku tungumálunum eru þetta þau tungumál á Norðurlöndum sem eru töluð í öllu samfélaginu. Danska, norska og sænska eru náskyldar tungur sem



skiljast innbyrðis og mynda málsamfélag Norðurlanda. Ýmis landsbundin minnihlutamál og táknmál á Norðurlöndum hafa sérstöðu. Rík tungumálaflóra Norðurlanda samanstendur einnig af tungumálum sem eru ekki norræn að uppruna en hafa borist til Norðurlanda á löngum tíma.

Markmiðin sem tungumálayfirlýsingin tiltekur, eru að:

- allir Norðurlandabúar geti lesið og skrifað það eða þau tungumál sem nýtt eru í samfélaginu öllu þar sem þeir búa;
- allir Norðurlandabúar geti tjáð sig hver við annan fyrst og fremst á skandinavískri tungu;
- allir Norðurlandabúar hafi undirstöðuþekkingu á tungumálaréttindum og stöðu tungumála á Norðurlöndum;
- allir Norðurlandabúar kunni að minnsta kosti eitt alþjóðatungumál mjög vel og annað erlent tungumál vel;
- allir Norðurlandabúar hafi almenna þekkingu á eðli og hlutverki tungumálsins.

Eigi umrædd markmið að nást bendir tungumálayfirlýsingin á fjögur svið sem unnið skuli með en þau eru:

- *Tungumálaskilningur og tungumálakunnátta.* Meðal annars þarf að efla hlut grannmálanna í móðurmálskenndu í dönsku, norsku og sænsku og einnig þegar danska, norska og sænska eru kenndar sem erlend tungumál. Tungumál Norðurlanda sem nýtt eru í öllu samfélaginu þurfa að vera sýnileg í opinberu rými (kvikmyndum og sjónvarpi) og vel aðgengileg í bókmenntum, orðabókum og tungutæknilausnum.
- *Samhliða notkun ensku og Norðurlandamálanna* og samhliða notkun tungumálanna á Norðurlöndum.
- *Mörg tungumál og fjöltyngi.* Meðal annars þarf að tryggja að hægt sé að efla lögfest minnihlutamál og styrkja stöðu táknmála.
- *Norðurlönd séu forgangssvæði í mállegum efnum*, þar á meðal þegar unnið er með málnotkun yfirvalda og norræna líkanið um málsamfélag og tungumálasamstarf.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) hóf á árinu 2019 greiningu á því hvar hagsmunir Norðurlandanna færu saman á sviði tungumála. Á grundvelli þessarar greiningar má velta fyrir sér að endurskoða tungumálayfirlýsinguna.

### 3. Samstarfið

Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030 er að Norðurlöndin eigi að verða sjálfbærasta og best samþætta svæði heims. Norrænt samstarf á að stuðla að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum. Í vinnu að þessari framtíðarsýn hefur Norræna ráðherranefndin sett fram 12 markmið, þar sem einkum markmið 8 og 11 eiga við um tungumálasamstarfið. Íbúar Norðurlanda eiga að finna til þess að norrænt samstarf er þeirra vegna og að þeir geti tekið þátt í því. Aðgerðir sem stuðla að tungumálakunnáttu, sameiginlegum menningarviðmiðum, menningarlæsi og hreyfanleika milli menntastofnana og á vinnumarkaði eiga sinn þátt í að skapa samþætt svæði.



Norrænt tungumálasamstarf á að styðja við landsbundnar aðgerðir þegar það á við. Á árinu 2018 var ákveðið að tungumálasamstarfið á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) skyldi í ríkari mæli en hingað til eiga þátt í að vekja máls á málefnum sem eru ofarlega á baugi í málstefnum landanna. Árið 2019 samþykkti ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) nýja samstarfsáætlun fyrir fagsviðið. Þar kemur fram að tungumálasamstarfið eigi auk þess að stuðla að því að:

- Auka þekkingu og skilning á ríkjandi tungumálum samfélagsins, táknumálum og minnihlutatungumálum á Norðurlöndum og jafnframt á tengingunni milli tungu og menningar, sjálfsmyndar og félagslegrar samheldni.
- Fjalla um áskoranir á sviði tungumála af völdum breyttra samskiptaleiða og málnotkunar, einkum meðal barna og ungmenna.
- Auka gagnkvæman tungumálaskilning barna og ungmenna á dönsku, norsku og sænsku, meðal annars með auknum skilningi á talmáli.

Til að ná þessu fram ætlar MR-U að leggja sitt af mörkum til að efla þekkingu á og miðla reynslu um viðeigandi þemu á sviði tungumála.

Í nefndaráliti sínu við samstarfsáætlun MR-U árið 2019 lýsti Norðurlandaráð yfir stuðningi við að tungumálasamstarfið varði öll tungumál Norðurlanda og beini sjónum að samhenginu milli menningar og tungumála og þýðingu nýrra samskiptaleiða fyrir málnotkun barna og ungmenna.

MR-K beinir einnig sjónum að norrænum tungumálaskilningi, einkum meðal barna og ungmenna. Markmiðið er aukinn menningar- og tungumálaskilningur sem getur stuðlað að hreyfanleika og samstöðu þvert á landamæri, sem og að skilningi, tengslum, trausti, þróun og nýsköpun á svæðinu öllu. Þekking á tungumálum og menningu er einnig nefnt sérstaklega sem samkeppnisforskot Norðurlanda. MR-K vinnur nú að lokagerð nýrrar samstarfsáætlunar sem tekur gildi frá árinu 2021, að meðtöldum markmiðum tungumálasamstarfsins á sviði menningarmála. Í framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar árin 2021–2024 eru sérstakar aðgerðir til að auka þekkingu barna og ungmenna á menningu og tungumálum teknar með. Aðgerðirnar munu meðal annars styðja við menningar- og tungumálaáætlunina Volt.

#### 4. Árangur

Að höfðu samráði við Norðurlandaráð nær þessi greinargerð til málaflokka þar sem lokið er eða hafin norræn verkefni sem máli skipta. Því er ekki gerð grein fyrir öllum málaflokkum í yfirlýsingunni. Sama á við um landsskýrslurnar, sem leggja áherslu á aðgerðir og málefni sem annað hvort er lokið eða eru hafin á síðastliðnum tveimur árum. Landsskýrslurnar eru hjálagðar í heild sinni sem fylgiskjöl með greinargerðinni.

#### Norrænt tungumálasamstarf

Norrænt tungumálasamstarf birtist í framkvæmd í ólíkum verkefnum, tengslanetum og mismunandi styrkjakerfum. Tiltölulega stór hluti fjárveitinga Norrænu



ráðherranefndarinnar fer í aðgerðir sem skipta máli fyrir tungumálasamstarfið og fjármagnið kemur frá mörgum fagsviðum.

### **Tungumálaskilningur og tungumálakunnátta**

Svið tungumálaskilnings og tungumálakunnáttu er víðtækt og varðar aðgerðir margra ráðherranefnda.

#### ***MR-U (menntamál og rannsóknir)***

Árið 2019 hélt ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) þemaumræðu um tungumál Norðurlanda þar sem meðal annars var komið inn á málefnið norrænn tungumálaskilningur, tungumál Norðurlanda undir áhrifum frá ensku, ný tækni og samfélagsmiðlar, unglíngamenning og hlutverk alþýðumenningar og mikilvægi vandaðs efnis til tungumálakennslu. Ráðherrafundurinn var einnig upphafið að vinnu við að greina sameiginlega hagsmuni á sviði tungumála. Í vinnunni á næstunni verður ekki bara unnið pólitískt með þátttöku sérfræðinga. Einnig verður leitað álits ungs fólks.

Liður í þessari vinnu var ráðstefna ungs fólks um tungumál í nóvember 2019 sem haldin var af Nordplus í samstarfi við Samfés. 78 ungmenni alls staðar að frá Norðurlöndunum tóku þátt í ráðstefnunni. Að loknu tveggja daga linnulausu samstarfi lagði unga fólkið fram tillögur sínar til íslensks formanns MR-U. Ungu fólkið lét meðal annars í ljós að miklu skipti fyrir tungumálaáhugann að hitta annað ungt fólk frá hinum Norðurlöndunum. Tillögurnar voru lagðar fram munnlega á öllum ríkjandi tungumálum samfélaga Norðurlanda en voru einnig kynntar skriflega á ensku. Enska var vinnumál á ráðstefnunni. Þetta val á tungumáli var nauðsynlegt til að tryggja þátttöku frá öllum Norðurlöndunum.

Einnig var lögð fyrir árið 2020 norræn spurningakönnun um málnotkun og afstöðu til tungumála meðal ungs fólks. Könnunin varðar meðal annars mikilvægi sameiginlega málsamfélagsins fyrir aðlögun á Norðurlöndum og fyrir norræna sjálfsmynd og leggur áherslu á mikilvægi norræns menningarlífs og þess að Norðurlandabúar hittist. Skýrslan mun liggja fyrir haustið 2020.

#### ***Áætlun um tungumálanámskeið***

Áætlunin samanstendur af ólíkum námskeiðum sem beint er að ólíkum markhópum en sem öll eiga það sameiginlegt að hafa tungumálakunnátta í og um tungumál og menningu Norðurlanda sem sameiginlegt markmið. Að sögn aðstandenda tungumálanámskeiðanna er mikil ánægja almennt með námskeiðin. Árið 2020 hefur hluti námskeiða fyrir háskólanema og framhaldsskólakennara farið fram með breyttu sniði á netinu á meðan þurft hefur að fresta öðrum hlutum áætlunarinnar þar til ferðatakmörkunum hefur verið aflétt.

[Nordkurs](#) stendur að sumarnámskeiðum á háskólastigi í tungumálum, bókmenntum og menningu Norðurlanda. Boðið er upp á námskeið í dönsku, finnsku,



finnlandssænsku, færeysku, grænlenku, íslensku, norsku og sænsku og er hvert námskeið 10 ECTS-einingar. Engin námskeið eru í samísku enn sem komið er þar sem ekki hefur tekist að finna samstarfsaðila til að annast þau. Nordkurs-námskeiðin hófu göngu sína á sjöunda áratug síðustu aldar. Námskeiðin eru sérstaklega þýðingarmikil þar sem kennsla lítilla tungumála á undir högg að sækja hjá mörgum æðri menntastofnunum á Norðurlöndum.

[Nordspråk](#) er norrænt tengslanet félaga móðurmálskennara og kennara í norrænum tungumálum sem erlendum tungumálum. Nordspråk býður upp á námskeið og ráðstefnur um bókmenntir, menningu og kennslufræði fyrir kennara í grunnskólum og framhaldsskólum og kennara hjá kennaramenntastofnunum. Félögin gefa út fagtímarit þar sem hægt er að miðla efni með norrænu sjónarhorni í greinum og þemaheftum. Nordspråk var stofnað í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar.

Norræna ráðherranefndin leggur sitt af mörkum til fjármögnunar „Norrænu perlanna“ á námskeiðum fyrir kennaranema sem ekki heyra undir þau námskeið sem þegar eru fjármögnuð af tvíhliða menningarsjóðunum sem eiga Perlurnar. Perlurnar er samheiti nokkurra tvíhliða menningarsjóða í Danmörku, Noregi og Finnlandi sem hafa um margra áratuga skeið boðið upp á námskeið fyrir kennara, kennara hjá kennaramenntastofnunum og kennaranema. Perlurnar eiga samstarf við Biskops Arnö sem er norrænn lýðháskóli. Í Finnlandi hefur Hanaholmen umsjón með tungumála- og menningaráætluninni svenska.nu, sem áður hefur hlotið tungumálaverðlaun Evrópusambandsins.

[Nordiske språkpiloter](#) er verkefni sem hóf göngu sína árið 2007 og býður upp á endurmenntun fyrir kennara í dönsku, norsku og sænsku sem vilja auka færni sína í kennslufræði grannmála og koma samstarfsfólki sínu til aðstoðar í þeim efnum. Sú menntun sem Nordiske språkpiloter býður upp á er ætluð kennurum í grunnskólum og framhaldsskólum. Verkefnisstjórinn hefur hlotið tungumálaverðlaun Evrópusambandsins fyrir starf sitt í þágu Nordiske språkpiloter.

#### *Nordplus*

Til viðbótar við fjárlið af fjárveitingum MR-U, sem ætlaður er tungumálasamstarfinu, á MR-U áætlunina [Nordplus](#) sem er helsta áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði ævináms, hreyfanleika og tungumála. Fimm undiráætlanir heyra til Nordplus. Ein undiráætlananna er helguð ríkjandi tungumálum samfélaga Norðurlanda og styður við gerð námsefnis til tungumálanáms, ráðstefnur, málstofur, gerð efnis fyrir netið m.m. Meðal málefna má nefna grannmálaskilning, tungumálakennslu, táknmál, skýr skilaboð o.s.frv. Breytingarnar sem bætt var inn í undiráætlunina árið 2018 líta út fyrir að hafa haft jákvæð áhrif á aðsókn að áætluninni (t.d. er tvíhliða samstarf leyft, verkefni geta fengið allt að 75% í styrk, styrki er hægt að veita í laun og þóknarir.

Tungumálaskilningur og skiptiáætlanir styðja vel við hvort annað. Þegar Norðurlandabúar hittast myndast félagsleg tengsl sem vekja áhuga á menningu og tungumálum grannlandanna. Tungumálakunnátta og tungumálaskilningur auðvelda skiptiáætlanir. Nordplus styður ár hvert þúsund skiptiáætlanir fyrir alla



aldurshópa milli allra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Í Nordplus Junior (leik-, grunn- og framhaldsskólastig) er einnig frátekið fjármagn fyrir skiptiáætlanir með áherslu á tungumál. Hinar Nordplus undiráætlanirnar styðja einnig verkefni sem varða tungumál og skiptiáætlanir, t.d. Nordplus Voksen sem styður tungumálaverkefni fyrir fullorðna með aðlögun og samfélagsþátttöku að markmiði.

Danmörk leggur til fjármagn þannig að danski minnihlutinn í Suður-Slésvík (Þýskalandi) geti tekið þátt í þróunarverkefnum sem styrkt eru af Nordplus, tengslanetum og skiptiáætlunum í Nordplus. Þetta á einkum við um fyrir Nordplus Tungumál Norðurlanda og Nordplus Junior (leik-, grunn- og framhaldsskólastig).

### **MR-K**

Menningarsvið leggur sitt af mörkum til málaflokksins tungumálaskilnings og tungumálakunnáttu með nokkrum styrkjaáætlunum til viðbótar við starfsemi menningarstofnananna.

### *Volt*

[Volt](#) er menningar- og tungumálaáætlun fyrir börn og ungmenni upp að 25 ára aldri. Áætlunin styður verkefni sem vekja áhuga á listum, menningu og tungumálum í öðru norrænu landi og sem beinast að starfsemi barna og ungmenna á sviði lista, menningar og skapandi greina. Volt-áætlunin var metin árið 2019 og hlaut góða dóma. Á grundvelli matsins samþykkti ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) nýtt þriggja ára áætlunartímabil árin 2020–2022. Áætlunin er í umsjón Norrænu menningargáttarinnar (NKK). NKK hleypti af stað sérstöku átaki í upplýsingamálum árið 2019 fyrir Volt, meðal annars á samfélagsmiðlum. Niðurstaða átaksins varð sú að helmingur umsækjenda á árinu voru nýliðar og að verkefnið fór fram á Norðurlöndunum öllum.

### *Samaráðið*

Með styrkveitingunni til [Samaráðsins](#) leggur menningarsvið sitt af mörkum til útbreiðslu menningar Sama þvert á landamæri í Samalandi. Notkun tungumála Sama og annarra tungumála í Samalandi er lykilþáttur í þessari vinnu. Bókmenntaverðlaun Sama stuðla að kynningu bókmennta sem skrifuð eru á tungumálum Sama.

### *Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn*

[Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn](#) á að stuðla að auknum gæðum og auka aðsókn fólks að norrænum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Sjóðurinn kynnir og veitir styrki til framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis norræna fyrirtækja auk dreifingar kvikmynda og þróunar starfsgreinarinnar. Norræna ráðherranefndin um menningarmál, fimm norrænar kvikmyndastofnanir og 16 norrænar sjónvarpsstöðvar eru aðilar að sjóðnum. Dreifing kvikmynda og sjónvarpsefnis á mismunandi tungumálum Norðurlanda og stuðningur við leiknar norrænar kvikmyndir, þáttaraðir og heimildarmyndir stuðla að auknum áhuga á tungumálum og menningu grannlandanna, sem svo aftur leggur grunn að auknum tungumálaskilningi.



### **NORDBUK**

Tungumál eru ekki yfirlýst forgangsmál í [Norden 0-30-áætluninni](#), en tungumálaverkefni geta fengið styrki frá áætluninni ef verkefnið uppfyllir aðra skilmála um styrki. Áætlunin styður samtök barna og ungmenna, áhrif og þátttöku auk þess að stuðla að miðlun reynslu og myndun tengslaneta milli samtaka barna og ungmenna á Norðurlöndunum. Hægt er að veita stuðning til menningarlegrar, pólitískrar og/eða félagslegrar starfsemi sem skipulögð er *af, með og fyrir* börn og ungmenni upp að 30 ára aldri.

### **Atvinnulíf (MR-A)**

[Nordjobb](#) á að stuðla að auknu flæði ungs fólks á norrænum vinnumarkaði, og á þann hátt að styðja við gagnkvæman norrænan menningar- og tungumálaskilning. Í því menningar- og tólmundastarfi sem Nordjobb býður þátttakendum sínum er því kennsla í norrænum tungumálum daglegt brauð. Venju samkvæmt hefur Nordjobb lagt áherslu á skandinavísku tungumálin. Fagsviðið lét fara fram greiningu árið 2020 á því hvernig mætti á sem bestan hátt þróa skiptiáætlanir fagsviðsins. Ein af niðurstöðunum var að gott gæti verið að flétta möguleikann á að nota ensku inn í skiptiáætlanir í því skyni að útiloka ekki ungmenni, sem óska eftir að öðlast starfsreynslu í norrænu grannríki, á grundvelli skorts á tungumálakunnáttu í skandinavísku tungumálunum. Þessi tillaga hefur verið fléttuð inn í nýtt umboð Nordjobb fyrir tímabilið 2021–2023.

### **MR-SAM**

Samband Norrænu félaganna (FNF) vinnur að framgangi norræns samstarfs milli skóla og að auknum skilningi á grannmálunum. Það gerir FNF á vefgátt sinni [Norðurlönd í skólanum](#). Markmiðið fyrir árið 2020 hefur verið að auka fjölda skráðra kennara í 20.000 í árslok 2020 og að koma til móts við þarfir kennara og nemenda að því er varðar notagildi og endurnýjun núverandi efnis.

Einn liður í málamiðlun við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun árið 2020 var ein milljón danskra króna eyrnamerkt á fjárhagsáætlun samstarfsráðherranna til fjármögnunar Norðurlanda í skólanum. Haustið 2020 verður lagt mat á hvernig til hefur tekist með verkefnið. Markmið matsins er að meta möguleikann á að fela FNF verkefni til lengri tíma litið sem á að stuðla að skilningi barna og ungmenna á Norðurlöndunum og þar með ná fram samhengi í starfi FNF. Fjármagni hefur verið ráðstafað í þessum tilgangi í tillögu samstarfsráðherranna að fjárhagsáætlun ársins 2021.

Einnig var ráðstafað 100.000 dönskum krónum af fjárveitingum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) til eins árs kynningarátaks í tengslum við áætlun um tungumálanámskeið og að auki 200.000 dönskum krónum til norræns skólaspjalls um loftslagsmál árið 2020.

FNF hefur auk þess sótt um og fengið verulegan styrk til Norðurlanda í skólanum frá Nordplus Tungumál Norðurlanda bæði árið 2019 og árið 2020.



## Tungumálafjöld og fjöltyngi

Tungumál Norðurlanda eru undir þrýstingi úr öllum áttum, bæði undir áhrifum frá ensku, nýrri tækni og fjölmiðlum. Þetta á einkum við um þau tungumál Norðurlanda sem fáir tala og sem einnig geta verið undir þrýstingi frá öðrum norrænum tungumálum sem fleiri tala.

Málsamfélög Norðurlanda verða auk þess sífellt fjöltyngdari og æ fleiri íbúanna eru fjöltyngdir.

### **MR-U (menntamál og rannsóknir)**

Árin 2019–2021 fer fram þverfaglegt átak sem á að varpa ljósi á hlutverk menningar- og menntamála við að hleypa nýju lífi í lítil tungumál á Norðurlöndum. Verkefnið var þróað í samráði milli sviða mennta- og menningarmála og er framhald aðgerða á vegum formennskuáætlunar Svía á sviði menningarmála árið 2018. Markmiðið er að auka vitund, áhuga og þekkingu á hvernig menntun og menning geta hleypt nýju lífi í og eftir lítil tungumál á Norðurlöndum. Átakið á að stuðla að því að:

- efla tungumál minnihlutahópa í löndunum og norræn tungumál sem tiltölulega fáir tala
- þróa þverfaglegt, norrænt tungumálasamstarf
- efla áframhaldandi aðgerðir í löndunum við framkvæmd markmiða í norrænu tungumálayfirlýsingunni

Haldin var upphafsráðstefna í nóvember 2019. Í ágúst 2020 var haldið vefþing um þörfina á tungutækni, um hvernig tungutækni tengist stefnu í málefnum tungumála og minnihlutahópa og hvernig leysa megji ólík viðfangsefni á sviði tungutækni. Vefþingið var haldið í samstarfi við Norðurskautsháskólann í Tromsø (Noregi). Auk þess verður samin handbók sem lýsir árangursviðmiðum og bestu starfsvenjum í vinnu við að hleypa nýju lífi í lítil tungumál. Áður en vinna hófst við gerð handbókarinnar var haldin rafræn málstofa fræðimanna í október 2020. Auk áherslu á hlutverk menningar- og menntamála hefur vinnuhópurinn sem sér um átakið, tekið tungutækni með sem lykilþátt í vinnunni. *Institut för språk och folkminnen* (Stofnun um tungumál og þjóðfræði) í Svíþjóð annast umsýslu átaksins.

### *Tengslanet málnefndanna á Norðurlöndum*

Tengslanet málnefndanna á Norðurlöndum er tengslanet fagstofnana landanna á sviði málstefnu, og formennska í tengslanetinu fylgir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Tengslanetið heldur árlega fundi og heldur ráðstefnu (tungumálafundinn) og gefur út ráðstefnuskýrslu annað hvert ár. Árið 2019 var norræna tungumálafundinum í Færeyjum árið 2018 fylgt eftir með riti um málnotkun á samfélagsmiðlum. Á fundi tengslanetsins á Grænlandi árið 2019 var meginþemað tungutækni. Upphaflega átti tungumálafundurinn árið 2020 að fjalla um tungumál Norðurlanda og tungutækni. Vegna ferðatakmarkana hefur ráðstefnunni verið frestað til ársins 2021. Tengslanetið miðlar reynslu og hefur árið 2020 samþykkt nýja stefnumörkun fyrir tengslanetið. Stefnumörkunin varðar málstefnu, tungumálafjöld





og fjöltyngi, íðorðafraði og fagmál, nýyrði, skýrt mál auk tungutækni og úrræða sem lúta að orðabókagerð.

### *Táknmál*

Samstarfsnet Norðurlanda um táknmál (NTN) vinnur samkvæmt þverfaglegri stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna 2016–2022.

Markmiðið er að *Norðurlöndin verði besti staðurinn fyrir börn og ungmenni, einnig fyrir börn sem nota táknmál*. Árin 2019–2020 vinnur NTN með þrjú norræn verkefni sem varða börn og ungmenni:

- Verið er að vinna að yfirliti um rannsóknir á aðgangi barna að táknmáli á Norðurlöndunum í því skyni að afla þekkingar á tækifærum barna til að læra táknmál. Skýrslan verður unnin í samstarfi við fræðimenn hjá *OsloMet* (Noregi) og verður tilbúin á árinu 2020.
- Löggjöf um táknmál er ólíkt háttað á Norðurlöndunum og samstarfsnetið er að semja skýrslu sem mun veita yfirlit um löggjöfina á Norðurlöndum með áherslu á hvernig löggjöf landanna stuðli að eða hamli táknmálsþroska barna.
- Samstarfsnetið mun árið 2021 hrinda af stokkunum vefsetrinu *Nordisk Tegn Tube*. Haustið 2020 mun NTN hefja verkefni með áherslu á táknmálsnotendur í hópi barna og ungmenna. Verkefninu á að ljúka með vefsetri þar sem ungmennin geta tjáð sig með myndböndum þar sem þau lýsa afstöðu sinni til táknmáls. Á vefsetrinu verða einnig upplýsingar um norrænu táknmálin, þar á meðal um það sem er líkt og ólíkt með þeim. Þetta úrræði mun einnig verða hægt að nota til kennslu. Verkefnið er í umsjón dönsku málnefndarinnar, *Dansk Sprognævn*.

### *Norrænt tengslanet um nám fullorðinna*

Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL) vinnur meðal annars að kennslu minnihlutahópa. [Alfagodigital](#) er vefsafn nýskapandi rafrænna kennslugagna fyrir kennara sem kenna fullorðnum frá svæðum utan Norðurlanda. Norræna lestrarráðið (*Alfarådet*) hjá NVL hefur bæði haldið eigin málstofur og kynnt kennslugögnin á nokkrum ráðstefnum kennara. Norræna lestrarráðið gaf einnig út árið 2020 [greinasafn](#) sem innblástur fyrir tungumálakennslu fyrir innflytjendur í ljósi takmarkana vegna smitvarna. NVL leggur einnig sitt af mörkum í vefriti sínu [DialogWeb](#) til að auka þekkingu kennaranna á tungumálum og menningu grannríkjanna til viðbótar við faglegan ávinning.

### ***Samstarfsáætlun um aðlögun flóttafólks og innflytjenda***

Samstarfsáætlunin um aðlögun flóttafólks og innflytjenda (aðlögunaráætlunin) leggur áherslu á þátttöku nýkomins flóttafólks á vinnumarkaði og aðlögun barna og ungmenna. Í fjölda verkefna, úttekta og greininga hefur verið lögð sérstök áhersla á mál nám annars máls.

Árið 2019 studdi aðlögunaráætlunin verkefni á vegum þverfaglega tengslanetsins Fjöltyngi á Norðurlöndum (FLIN). FLIN er skipað aðilum með þekkingu á sviði



málþroska og kennslu barna, ungmenna og fullorðinna með meirihlutatungumál sem annað mál. Tengslanetið er skipað fulltrúum opinberrar stjórnsýslu, kennaramenntunar og rannsóknastofnana í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Noregi. Verkefnið beindist að leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og lagði áherslu á að draga úr mun á frammistöðu í skóla hjá nemendum með norrænt tungumál sem fyrsta mál og nemendum með meirihlutatungumálin sem annað mál. Skýrslan «[Veje til beskæftigelse for flygtninge- og indvandrerkvinder](#)» frá árinu 2019 sýnir að nægileg málakunnátta (og fagleg færni) skipta sköpum um einkum þátttöku kvenna á vinnumarkaði. Því er lagt til að herða aðgerðir í því skyni að fá fleiri konur til að taka þátt í tungumálanámi.

Skýrslan «[Nordic integration and settlement policies for refugees - A comparative analysis of labour market integration outcomes](#)» frá 2019 tilgreinir tungumálakennslu í boði á Norðurlöndum fyrir nýkomið flóttafólk og kannar hvaða áhrif tungumálanám hefur fyrir atvinnuþátttöku, og hve hátt hlutfall nýkomins fólks stundar málanám. Árið 2020 fylgdi Nordregio skýrslunni eftir með stefnumótunartillögum: «[Education efforts and the integration of immigrants](#)» með áherslu á málanám nýkominna barna.

### **Eftirfylgni tungumálafirlýsingarinnar í löndunum**

Hér fyrir neðan fylgir stutt samantekt á meginniðurstöðum landsskýrslanna fyrir tímabilið 2019 og 2020.

#### ***Landsskýrslurnar***

Landsskýrslurnar sýna að hin ólíkustu mál er varða tungumál eru í brennidepli á Norðurlöndunum. Helstu áherslumál í landsskýrslunum og helstu áherslumál norræns tungumálasamstarfs til þessa skarast. Löndin leggja þó ekki alltaf jafn mikla áherslu á sömu mál eða afgangi þau á sama hátt.

Áhersla á tungumálakunnáttu og tungumálaskilning tengist oft menntun, en nær þó einnig til annarra þátta og umfangsmeiri í opinberu rými, svo sem kvikmynda og sjónvarps og samstarfs bókasafna. Tungumálakunnátta og skilningur á skandinavísku tungumálunum er órjúfanlegur hluti Norðurlandanna sem samfellds svæðis. Þáttur menningar í tungumálum og tungumálakennslu er einnig nefndur. Danmörk, Noregur og Álandseyjar nefna sérstaklega skilninginn á grannmálunum á Norðurlöndum, á meðan Finnland, Svíþjóð, Ísland, Grænland og Færeyjar beina sjónum frekar að innri málefnum er varða tungumál eða samhliða tungumálanotkun.

Tungutækni er nefnd í nánast öllum skýrslunum en það er í samræmi við þau þemu sem vinnuhópurinn um átak í málefnum lítilla tungumála og málnefndirnar á Norðurlöndum hafa unnið með. Það á til dæmis við um tungutækniþúnað fyrir vélþýðingar og rafrænar orðabækur, eins og t.d. færeysk-grænlenka orðabók og hugsanlegt samstarf í framtíðinni milli orðabanka í löndunum. Og það á við um þróun tungumála í ljósi stafvæðingar í samfélaginu og nýrrar tækni (Grænland, Svíþjóð, Danmörk, Noregur, Ísland og Finnland).



Staða táknmála og hvernig megi efla þau, gjarnan með áherslu á börn sem nota táknmál, er nefnt í mörgum skýrslunanna, en frá ólíkum sjónarhóli (Noregur, Ísland, Finnland og Svíþjóð).

Málefnið samhliða tungumálanotkun, fjöltyngi og tungumál minnihlutahópa eru nefnd frá ólíku sjónarhorni. Enska og/eða danska í málsamfélaginu eru nefnd í skýrslunum frá Grænlandi, Íslandi og Færeyjum. Í dönsku skýrslunni er þýska nefnd sem minnihlutatungumál og minnst er á hátíðahöldin í tilefni af endursameiningunni. Í skýrslunum frá Noregi, Finnlandi og Svíþjóð er minnst sérstaklega á tungumál Sama, en einnig er annarra minnihlutatungumála getið. Í landsskýrslunni frá Finnlandi er sérstaklega getið vinnunnar með gæði náms sem fram fer á sænsku, með áherslu á fjölþætt málefni eins og tungumálalegt jafnrétti, kennslufræði varðandi fjöltyngi auk gæða kennaranáms. Noregur leggur áherslu á þörfina á norrænu samstarfi um stjórnáslu minnihlutatungumála. Bæði kennslufræði fullorðinna og smábarnakennsla eru nefnd í mörgum skýrslunanna.

Tungumálakennsla og aðlögun flóttafólks og innflytjenda eru einnig málefni sem getið er í mörgum skýrslunanna (Svíþjóð, Ísland, Finnland, Noregur).

Vinna með skýrt mál er nefnd í landsskýrslunum frá Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Í skýrslunum koma löndin með skýrar tilvísanir til hluta norræns tungumálasamstarfs, til norrænna styrkjakerfa og til miðlunar reynslu milli Norðurlandanna og tungumálastofnana. Einnig er gerð grein fyrir vinnu í löndunum varðandi löggjöf á sviði tungumála og stefnumörkun um tungumál (Noregur, Finnland, Ísland, Svíþjóð, Álandseyjar og Færeyjar).

### Fylgiskjal/-skjöl

Fylgiskjal 1	Landsskýrsla Danmerkur 2020
Fylgiskjal 2	Landsskýrsla Finnlands 2020
Fylgiskjal 3	Landsskýrsla Færeyja 2020
Fylgiskjal 4	Landsskýrsla Grænlands 2020
Fylgiskjal 5	Landsskýrsla Íslands 2020
Fylgiskjal 6	Landsskýrsla Noregs 2020
Fylgiskjal 7	Landsskýrsla Svíþjóðar 2020
Fylgiskjal 8	Landsskýrsla Álandseyja 2020